**26. fundur Skipulags,bygginga,umhverfis og samgöngunefndar haldinn Fundarsalur Álftavers, miðvikudaginn 9. mars 2022, kl. 16:30.**

**Fundinn sátu:**
Anna Lind Ragnarsdóttir, Hulda Gunnarsdóttir, Samúel Kristjánsson, Valgeir Scott, Sigurdís Samúelsdóttir, Bragi Þór Thoroddsen og Jóhann Birkir Helgason.

**Fundargerð ritaði: Jóhann Birkir Helgason, .**

1. **Eyri í Ísafirði - 2201002**

   Tekið fyrir bréf frá Innviðarráðuneytinu dags. 21.febrúar 2022 er varðar erindi byggingarfulltrúa Súðavíkurhrepps um undanþágu frá skipulagsreglugerð vegna Eyarar í Ísafirði.

   *Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd veitir jákvæða umsögn og sér ekki annmarka á þrátt fyrir fjarlægðartakmarkanir að heimilt verði að byggja frístundahús á svæðinu.*

   *Samþykkt*

2. **Holtagata 11, breyta bílskúr í íbúð - 2202004**

   Tekið fyrir bréf frá Herdísi Mjöll Jónasdóttur dags. 24. febrúar 2022 er varðar breytingu á bílskúr við Holtagötu 11 í íbúð.

   *Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að farið verði í grenndarkynningu, íbúum við Holtagötu 7-14 sent bréf vegna málsins, auglýsing í Álftaver og auglýsing sett á heimasíðuna.*

   *Samþykkt*

3. **Eyrardalur 6, umsókn um lóð undir gistihús - 2202002**

   Tekið fyrir að nýju erindi frá Félagar ehf. vegna lóðarinnar við Eyrardal 6.
   Skv. deiliskipulagi er lóðin skilgreind sem hesthúsasvæði en skv. aðalskipulagi íbúðabyggð.

   *Skipulags-, ubygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að senda tillögu um smáhýsalóð við Eyrardal 7 til kynningar til íbúa sveitarfélagsins.*

   *Samþykkt*

4. **Aðalskipulag Súðavíkurhrepps 2019-2030, breyting - 2110005**

   Tekið fyrir eftir kynningu á vinnslustigi breyting á Aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 2018-2030.
   Engin athugasemd barst.

   *Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd frestar erindinu til næsta fundar.*

*Samþykkt*

Fundi slitið kl. 17:30.

| | |
|---|---|
| Anna Lind Ragnarsdóttir | Hulda Gunnarsdóttir |
| Samúel Kristjánsson | Valgeir Scott |
| Sigurdís Samúelsdóttir | Bragi Þór Thoroddsen |
| Jóhann Birkir Helgason | |